

VELFERÐAR

STEFNA

AKRANESKAUPSTAÐAR





Hlutverk velferðarstefnu

Hlutverk velferðarstefnu er að vera **leiðarljós** fyrir stofnanir og félagasamtök á Akranesi þannig að forvarnarstarf nái til sem flestra þátta sem geta haft áhrif á heilbriggt lífveri íbúanna og stuðla þannig að góðri lýðheilsu og velferð.

Þó að meginábyrgð á uppeldi barna og ungmenna hvíli að sjálfsögðu á foreldrum og fjölskyldu þá er til afrískt orðatiltæki sem segir að það þurfi heilt þorp til að ala upp eitt barn. Með því er verið að vísa til þess að stofnanir samfélagsins og almenningur beri líka ábyrgð á því að

börnum og ungmennum líði vel, þau búi við öryggi, umhyggju, þroskavænleg uppeldiskilyrði og lífi heilbrigðu lífi.

Hér á Akranesi er einmitt löng hefð fyrir góðu samstarfi þeirra aðila er koma að uppeldi og fræðslu barna og ungmenna.



Slíkt samstarf er ekki sjálfgefið og því er mjög mikilvægt að festa það í sessi. Með því að móta velferðarstefnu er varðar börn og ungmenni viljum við ná til sem flestra aðila sem starfa að mál-efnum barna og ungmenna á Akranesi. Það er von mín að stefnan nýtist vel í vinnu og starfsháttum þeirra.

Gert er ráð fyrir að stefnan verði endurskoðuð með skipulögðum hætti að fjórum árum liðnum eða í síðasta lagi í lok árs 2017.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar vil ég þakka starfshópi undir forystu þratar Þórs Ólafssonar ásamt þeim fjölmörgu aðilum sem komu að mótnun stefnunnar fyrir þeirra mikilvæga framlag.

Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri



Hér getur að líta velferðarstefnu Akraneskaupstaðar en henni er ætlað að vera lykill að samræmdri stefnu allra sem vinna að velferð barna og ungmenna. Þessi stefna er afrakstur vinnu sem hófst með stofnun starfshóps um íþrótt- og æskulýðsmál, sem skipað var í af fjölskylduráði Akraneskaupstaðar og fékk erindisbréf sitt 27. september 2011.

Tilgangur hópsins er að vera fjölskylduráði til ráðgjafar í málefnum sem snúa að æskulýðs- og íþróttamálum. Eitt af verkefnum hópsins var að marka forvarnarstefnu Akraneskaupstaðar.

Starfshópurinn hóf vinnu við forvarnarstefnu á haustmánuðum 2012, en hugtakanotkunin breyttist í starfi hópsins sem leggur nú fram Velferðarstefnu fyrir börn og ungmenni 0-18 ára.

Starfshópin skipa: Þröstur Þór Ólafsson, formaður og fulltrúi fjölskylduráðs, Hildur Karen



Aðalsteinsdóttir og Jónína Halla Víglundsdóttir. Með hópnum starfa einnig Heiðrún Janusardóttir verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála og Jón Þór Þórðarson íþróttafulltrúi ÍA.

Starfshópurinn tók saman upplýsingar og gögn og vann með helstu hagsmunaaðilum sem starfa að málefnum barna og ungmenna á Akranesi, fulltrúum frá leik- og grunnskólunum, Fjölbrautaskóla Vesturlands, lögreglunni á Akranesi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE), ÍA, Skagaforeldrum og einnig fulltrúum ungmennastarfs Akraneskaupstaðar.

Með þessari samvinnu var mótuð sameiginleg sýn og þráður sem myndar nú Velferðarstefnu í starfi með börnum og ungmennum á Akranesi 0-18 ára.

Drög að velferðarstefnunni voru send til umsagnar til hagsmunaaðila. Auk þess voru drögin sett á heimasíðu Akraneskaupstaðar þar sem íbúum var gefinn kostur á að koma með ábendingar.

Öllum þeim sem lögðu stefnumótuninni lið er þakkað fyrir þeirra framlag.

Þróstur Þór Ólafsson,
fyrir hönd starfshóps um íþrótt-
og æskulýðsmál

Velferðarstefnan tekur fyrst og fremst til barna frá fæðingu að 18 ára aldri, forráðamanna þeirra og allra sem vinna að bættri lýðheilsu barna á Akranesi.

Í velferðarstefnunni er greint frá hlutverki og markmiðum hennar. Skilgreindar eru almennar og sértækar forvarnir og lögð fram þau grunngildi sem hagsmunaaðilar eru sammála um að unnið sé með í starfi með börnum og ungmennum 0-18 ára á Akranesi.

Með framtíðarsýninni er dregin upp mynd af því hvernig hagsmunaaðilar sjá fyrir sér að starf með börnum og ungmennum skuli líta út í nánustu framtíð. Stefnan er síðan mótuð og er hún leiðarvísir um hvernig framtíðarsýninni

verði náð. Áherslur í forvörnum þurfa eðli málsins samkvæmt að vera breytilegar eftir aldurskeiðum. Því er aldurskeiðinu frá fæðingu til átján ára aldurs skipt í fimm aldurstig. Að lokum eru sett fram hvatningarorð um mikilvægi samveru barna og foreldra.

Með velferðarstefnunni fylgir verkefnaáætlun sem greinir frá þeim fjölmörgu verkefnum sem unnin eru í störfum með börnum og ungmennum og eru í takt við þá framtíðarsýn sem birtist í stefnunni. Verkefnin í áætluninni eru engan vegin tæmandi og sum þeirra eru viðvarandi frá einu ári til annars. Verkefnaáætlunin verður endurskoðuð árlega þar sem ný verkefni bætast við og staða annarra metin.

Á Akranesi hafa áherslur og verkefni í velferðarmálum m.a verið byggðar á niðurstöðum rannsókna frá Rannsókn og Greiningu, og öðrum áreiðanlegum rannsóknum og könnunum. Markmið rannsókna á börnum og ungmennum á landsvísu er að bera saman stöðu eftir landsvæðum, tengja saman þætti varðandi andlega og líkamlega líðan, lífsstíl þeirra, námsárangur og vímuefna-

neyslu svo eitthvað sé nefnt. Slíkar rannsóknir eða kannanir gefa vísbendingar um stöðu forvarnarmála frá einum tíma til annars, hvernig eigi að forgangsraða og upplýsa hvar skórinn kreppir. Þannig verði reynt að tryggja að áherslur og aðgerðir í forvarnarmálum í sveitarfélaginu verði markvissar og skili árangri.





Sértækar forvarnir

Sértækar forvarnir eru tímabundnar aðgerðir í forvarnarmálum. Þær byggjast á niðurstöðum rannsókna/kannana eða vitneskju og þekkingu þeirra fjölmörgu einstaklinga, stofnana eða félaga sem koma að forvarnarmálum í sveitarfélaginu.

Sértækar forvarnir beinast yfirleitt að tilteknum hópum barna og ungmenna og fjölskyldum þeirra og miða að því að veita fræðslu og ráðgjöf eða koma upp nýjum meðferðarúrræðum vegna tiltekinnna áhættuþátta í umhverfinu. Þar er m.a. átt við offitu, neyslu vímuefna, einelti, andfélagslega hegðun, brottfall úr skóla, tómstundum og íþróttum.

Sem dæmi um aðgerðir á sviði sértækra forvarna má nefna átaksverkefni í skólum um hollt mataræði, foreldrarölt, eftirlit með sölu tóbaks, ábendingar til foreldra varðandi eftirlitslaus samkvæmi og ýmis námskeið og fræðslu.

Almennar forvarnir

Almennar forvarnir taka til allra barna og ungmenna í sveitarfélaginu og fjölskyldna þeirra. Þær miða að því að skapa fjölskylduvænt umhverfi og búa börn og ungmenni sem best undir lífið, m.a. með því að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og vímuefnalausri æsku og styrkja sjálfsmynd og siðferðisvitund barna og ungmenna.

Hlutverk & markmið velferðarstefnu

Hlutverk velferðarstefnu er að vera leiðarljós fyrir stofnanir og félagasamtök á Akranesi þannig að forvarnarstarf nái til sem flestra þátta sem geta haft áhrif á heilbriggt lífveri íbúanna og stuðla þannig að góðri lýðheilsu og velferð.

Meginmarkmið með gerð stefnunnar er að skapa öllum börnum og ungmennum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd og tryggir að allir geti notið þess að ástunda heilbriggt lífveri án tillits til efnahags, fötlunar, aldurs eða kynferðis.

Velferðarstefnunni er einnig ætlað að efla og styrkja fjölskylduna í uppeldishlutverkinu og skapa umræðu um hlutverk og ábyrgð hennar í uppeldismálum.



Gildi

Samvinna - jákvæðni - velferð - virðing

- > Mikilvægt er að allir vinni sem ein heild að uppeldi barna og ungmenna í bænum.
- > Með samvinnu er leitast við að börn og ungmenni alist upp við góða heilsu og jákvæða sjálfsmynd.
- > Hafa í huga velferð hvers og eins og að öll börn fái að njóta sín.
- > Með traustu og ábyrgu íþróttá- og æskulýðsstarfi og heilsusamlegu umhverfi.
- > Sýnum börnum og ungmönnum virðingu.

SAMVINNA

Samfélagið setur ríkjandi viðmið um hvað sé æskilegt og sendir um það skýr skilaboð. Lykilatriði er að samfélagið á Akranesi beri sameiginlega ábyrgð á að móta börn og ungmenni á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Nauðsynlegt er að allir þeir sem koma að uppeldi barna og ungmenna á Akranesi vinni saman sem ein heild.

JÁKVÆÐNI

Við leitumst við að ala börn og ungmenni upp til ábyrgðar, styrkja uppbyggilega hegðun, venjur og dyggðir. Mikilvægt er að samskiptin séu jákvæð og uppbyggjandi. Gagnkvæm virðing ríki og að til staðar sé umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika. Jákvæð viðhorf stuðla að góðum anda og bættum bæjarbrag.

VELFERÐ

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan sem ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Hlúa þarf vel að grunnþörfum barna og ungmenna og leggja rækt við heilsu þeirra og heilbrigði.

VIRÐING

Gagnkvæm virðing fyrir sjónarmiðum og manngildi vísar veginn að góðum samskiptum. Það er réttur allra barna og ungmenna að njóta öryggis, umönnunar og verndar. Það eru grundvallarmannréttindi að eiga kost á að láta skoðanir sínar í ljós, hafa áhrif, njóta virðingar og fá að njóta sín.



Framtíðarsýn

- > Að börn og ungmenni á Akranesi séu heilbrigð og hamingjusöm.
- > Að börn og ungmenni á Akranesi hafi tækifæri til að stunda íþróttir og tómstundir á eigin forsendum.
- > Að samfélagið á Akranesi standi saman sem ein heild að uppeldi og velferð barna og ungmenna bæjarins þannig að upp vaxi sterkir einstaklingar sem taka sjálfstæðar og skynsamar ákvarðanir og hafi þannig jákvæð áhrif á eigin hegðun, líðan, námsárangur og tómstundapátttöku.

Stefna



0 - 2JA ÁRA

Uppeldi hefst við fæðingu og ábyrgð þess er í höndum foreldra að 18 ára aldri. Uppeldi er margslungið og flókið ferli þar sem foreldrar gegna lykilhlutverki. Uppeldi fyrstu árána felst m.a. í að kenna börnum æskilega hegðun og samskipti og að veita þeim markvissa örvun og þjálfna færni þeirra á ólíkum þroskasviðum. Áhersla er lögð á stuðning við fjölskylduna með fræðslu og ráðgjöf og þannig stuðlað að því að börnunum séu búin bestu mögulegu uppeldisskilyrði á hverjum tíma.

Með samvinnu og samábyrgð viljum við búa börnum bestu uppeldisskilyrði og stuðla þannig að heilbrigði og hamingju með því að:

- > *Leita sífellt leiða til að efla og fræða alla þá er koma að uppeldi barna.*
- > *Í frumbersku er mikilvægt að stuðla að öryggi barna, styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu og leggja þannig grunn að heilbrigðum lífsháttum.*

2JA - 5 ÁRA

Leikskólaárin eru mótunarár í uppveiti barna. Þetta aldursbil einkennist af miklu lærdóms- og þroskaferli á öllum sviðum. Samhliða hvatningu og umhyggju þurfa börn festu og aðhald. Leikskólinn er kjörinn upplýsingabanki um uppeldi þar sem fagfólk getur leiðbeint foreldrum og veitt upplýsingar um uppeldisráðgjöf.

Með samvinnu og samábyrgð viljum við búa börnum bestu upplýsingaskilyrði og stuðla þannig að heilbrigði og hamingju með því að:

- > Leita sífellt leiða til að efla og fræða alla þá er koma að uppeldi barna.
- > Skipulag íþrótt- og tómsundastarfs taki mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins.



Stefna



6 - 12 ÁRA

Upphaf grunnskólagöngu eru mikil tímamót í lífi hvers barns. Mikilvægt er að vel takist til frá upphafi og að börnum séu búnar sem bestar aðstæður til náms og þroska innan skólakerfisins. Á þessu aldursskeiði er mikilvægt að sinna tómsundum barna, hvetja þau til að sinna námi sínu og sýna hugðarefnum þeirra áhuga. Það skiptir miklu að allir sem með einum eða öðrum hætti koma að uppeldi barna á þessum aldri, hvort sem það er innan fjölskyldunnar, í skólakerfinu eða í íþrótt- og tómsundastarfi, vinni sameiginlega að því að leggja grunn að heilsteyprtri sjálfsmynd og sjálfsvirðingu barna.

Með samvinnu og samábyrgð viljum við búa börnum bestu uppeldisskilyrði og stuðla þannig að heilbrigði og hamingju með því að:

- > *Leita sífellt leiða til að efla og fræða alla þá er koma að uppeldi barna og ungmenna.*
- > *Skipulag íþrótt- og tómsundastarfs taki mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins.*
- > *Stuðla að því að börn og ungmenni fái viðeigandi fræðslu þannig að þau tileinki sér jákvætt viðhorf til heilbrigðra lífshátta.*

13 - 15 ÁRA

Unglingsárin geta verið umbrotatími í lífi barna. Þá koma í ljós fyrstu merki um að þau séu að verða full-orðin. Ungmenni á þessum aldri huga mjög að eigin sjálfsmynd. Sú leit hefur stundum í för með sér löngun til að losna undan boðum og bönnum. Á þessu aldurskeiði er hins vegar mikilvægt að foreldrar láti ungmennið ekki afskiptalaust heldur þvert á móti haldi áfram festu í uppeldinu auk þess að njóta samverustunda við fjölskylduna. Flest ungmenni fara í gegnum þessi ár án erfiðleika. Þeim sem tekst það ekki þarf strax að koma til aðstoðar. Líkur eru á að börn sem hafa fengið gott uppeldi og aðhald fram að unglingsárum sætti sig betur við jákvæðan aga og festu frá foreldrum á þessum árum

Með samvinnu og samábyrgð viljum við búa börnum bestu uppeldisskilyrði og stuðla þannig að heilbrigði og hamingju með því að:

- > *Leita sífellt leiða til að efla og fræða alla þá er koma að uppeldi barna og ungmenna í uppeldishlutverkinu.*
- > *Skipulag íþróttá- og tómskundastarfs taki mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins.*
- > *Stuðla að því að börn og ungmenni fái viðeigandi fræðslu þannig að þau tileinki sér jákvætt viðhorf til heilbrigðra lífshátta.*



Stefna



16 - 18 ÁRA

Þegar komið er á framhaldsskólaaldurinn eru ný og spennandi verkefni framundan og ungmennin þarfnast áframhaldandi handleiðslu foreldra. Þó er nauðsynlegt að leyfa þeim að þroskast og axla ábyrgð í samræmi við aldur þeirra án þess þó að sleppa alveg af þeim hendinni. Á þessum tímamótum, sem fela í sér miklar breytingar á lífi ungmenna er nauðsynlegt að foreldrar haldi áfram að leiðbeina, ræða málin og setja skýr mörk. Foreldrar þurfa að fylgjast með námi barna sinna, vera til staðar, sýna umhyggju og taka markvisst á erfiðleikum sem kunna að koma upp.

Með samvinnu og samábyrgð viljum við búa börnum og ungmönnum bestu uppeldisskilyrði og stuðla þannig að heilbrigði og hamingju með því að:

- > *Leita sífellt leiða til að efla og fræða alla þá er koma að uppeldi barna og ungmenna í uppeldishlutverkinu.*
- > *Skipulag íþrótt- og tómstundastarfs taki mið af þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins.*
- > *Stuðla að því að börn og ungmenni fái viðeigandi fræðslu þannig að þau til-einki sér jákvætt viðhorf til heilbrigðra lífshátta.*



Mikilvæg skilaboð til foreldra

Börn og ungmenni eyða stórum hluta úr deginum á skólabeck og við íþrótt- og tómstundaiðkun. Þar af leiðandi eru þessir aðilar þ.e. skólinn, íþrótt- og tómstundafélög afar mikilvægur hlekkur í öfluggu forvarnastarfi. Engu að síður eru það foreldrar sem eru mikilvægustu forvarnafulltrúar barna og ungmenna. Því má ekki gleyma að foreldrahlutverkið er eitt það vandasamasta og mikilvægasta hlutverk sem við tökumst á við í lífinu. Hér fylgja því nokkur skilaboð sem er ætlað að vekja athygli foreldra á mikilvægum þáttum varðandi uppeldi og velferð barna.



Í FRUMPÖRFUM FELST ...

- > Að foreldrar hlúi vel að börnum sínum.
- > Að foreldrar veiti börnum sínum næringu við hæfi.
- > Að foreldrar tryggji börnum sínum nægan svefn og hvíld.
- > Að foreldrar mæti reglulega með börn sín í ungbarnaeftirlit, skoðanir og greiningar ef með þarf.

Í TENGLAMYNDUN FELST ...

- > Að halda á barninu, faðma það, vera í augnsbandi og koma í veg fyrir að það verði einmana.
- > Að lesa fyrir það, hlæja með því og hugga það.
- > Að tala við barnið, leika við það, hrósa því og dást að því.



Mikilvæg skilaboð til foreldra

Í ÖGUN BARNNA FELST ...

- > Að hafa daglegt líf í föstum skorðum, s.s. svefntíma og matartíma.
- > Að setja reglur, fylgja þeim eftir og vera sjálfum sér samkvæmur.
- > Að bregðast strax við óæskilegri hegðun og leiðbeina börnum.
- > Að veita börnum jákvæða svörun og draga þannig úr óæskilegri hegðun.

Í ÖRYGGI FELST ...

- > Að foreldrar búi börnum sínum öruggar uppeldisaðstæður.
- > Að vera til staðar fyrir börnin.
- > Að foreldrar þekki staðreyndir um skaðsemi vímuefna, tóbaks, lyfja og áfengis.
- > Að foreldrar þekki neyslueinkenni tóbaks, áfengis, lyfja og vímuefna.
- > Að foreldrar viti hverja börnin umgangast og kynnist vinum þeirra vel.
- > Að foreldrar tali saman og beri saman bækur sínar.



Í UMHYGGJU FELST ...

- > Að foreldrar eigi tíðar og ánægjulegar samverustundir með börnum sínum.
- > Að hlusta á börnin og svara spurningum þeirra.
- > Að ræða við börnin um kynlíf og sambönd, að teknu tilliti til aldurs þeirra og þroska.
- > Að foreldrar séu hreinskilnir og heiðarlegir varðandi eigin notkun á vímuefnum/tóbaki.
- > Að foreldrar leiti strax utanaðkomandi aðstoðar, telji þeir sig ekki ráða við vanda barns.

Í HVATNINGU FELST ...

- > Að sýna tólmstundum barna sinna áhuga og örva þau til þátttöku.
- > Að hrósa og örva fyrir það sem vel er gert.
- > Að sýna öllu námi barna sinna áhuga, aðstoða og örva þau til árangurs.



Mikilvæg skilaboð til foreldra

Í LEIÐSÖGN FELST ...

- > Að vera börnunum góð fyrirmynd.
- > Að þjálf þau í að segja „nei“ við boðum um neyslu hvers kyns vímuefna.
- > Að gefa skýr skilaboð um afstöðu gegn neyslu barna á vímuefnum.
- > Að ræða óskynsamlega notkun vímuefna þegar hún birtist í fjölmiðlum.
- > Að ræða um mikilvægi hreyfingar og heilsusamlegs mataræðis.

Í VIRKU EFTIRLITI FELST ...

- > Að takmarka aðgang að Internetinu og bönnuðu efni í fjölmiðlum og hafa eftirlit með slíkri notkun.
- > Að setja börnum tímatak-mörk varðandi tölvunotkun og áhorf á myndmiðla.
- > Að setja fáar, skýrar og einfaldar reglur um það hvers ætlast er til af þeim. Það hafi afleiðingar, séu þær brotnar.
- > Að fá tíðar og reglulegar upplýsingar um námsástundun barna og að bregðast skjótt við ef hún virðist ekki í lagi.



- > Að hafa að vana að spyrja börn um hagi þess: Hvert ertu að fara? Með hverjum? Hvenær? Hvað að gera? Hvenær kemurðu til baka? Ef barnið venst þessum spurningum frá unga aldri mun það síður kippa sér upp við þær á unglingsárum.

Slakaðu á en slepptu ekki - í því felst ...

- > Að muna að foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum til 18 ára aldurs.
- > Að muna að öll fyrrgreind skilaboð geta átt við fram að 18 ára aldri.
- > Að muna að öll fyrrgreind skilaboð tryggja traust samband foreldra og barna.
- > Að hafa í huga að eftir því sem börn eldast er rétt að slaka á en sleppa þó ekki .
- > Að muna að mikilvægt er að grípa strax inn í og leita aðstoðar ef ungmennið er í neyslu eða annarri áhættu-hegðun.
- > Að vera leiðbeinandi foreldrar og styðja ungmenni til að standa á eigin fótum.
- > Að leggja vinnu í að viðhalda traustu sambandi foreldra og barna.



BÆKLINGUR ÞESSI UM VELFERÐARSTEFNU AKRANESKAUPSTAÐAR 0-18 ÁRA
ER GEFINN ÚT Í NÓVEMBER 2013 // VEFÚTGÁFA Á AKRANES.IS
MYNDVINNSLA, UMBROT & HÖNNUN: KRISTINN PÉTURSSON
LJÓSMYNDIR: FRIÐÞJÓFUR HELGASON, GUÐNI HANNESSON
KRISTINN PÉTURSSON & SIGURÐUR ARNAR SIGURÐSSON

Velferðarstefna 0-18 ára var samþykkt í bæjarstjórn
Akraneskaupstaðar 29. október 2013



Akraneskaupstaður | s. 433 1000
Stílholti 16-18, 300 Akranesi | akranes.is